



Drög dags. 29. október 2020

Erindisbréf starfshóps sem á að setja fram mælikvarða um ofbeldi og gera tillögur að leiðum til að ná niður ofbeldi um 50% á næstu 10 árum (2020 til og með 2030).

Borgarstjóri skrifaði undir viljayfirlýsingu þess efnis, á vegum Samtaka borgarstjóra (Global Parliament of Mayors), að ná niður ofbeldi um 50% á næstu 10 árum (2020-2030).

Á fundi ofbeldisvarnarnendar dags. 19. október var samþykkt að stofna starfshóp sem leggi reglubundið fyrir ofbeldisvarnarnefnd bæði tölfraði en einnig hugmyndir að aðgerðum sem nefndin leggur mat á og skilar svo tillögum til borgarráðs sbr. samþykktir nefndarinnar. Starfshópurinn verði vistaður á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Markmið

Að ná niður ofbeldi í Reykjavíkurborg á næstu 10 árum (2020 -2030).

Fulltrúar í starfshópi:

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, formaður
Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, verkefnisstjóri miðborgar
x, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
x, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Hlutverk starfshópsins:

1. Gera tillögu um mælingar á ofbeldi sem miðað verður við í þessu verkefni.
2. Skoða íslenskt og erlent efni um leiðir til að minnka ofbeldi.
3. Eiga samstarf við aðrar borgir sem hafa sett stefnuna á að ná niður ofbeldi um 50%.
4. Útbúa tillögur að aðgerðum til að sporna við ofbeldi til að ná markmiðum verkefnisins.

Ábyrgðarmaður starfshóps:

Ofbeldisvarnarnefnd.

Starfstími vinnuhóps:

Frá nóvember 2020 til nóvember 2020.

Til mögulegrar ráðgjafar og samstarfs, meðal annars:

Svið og skrifstofur borgarinnar
Ríkislögreglustjóri
Háskólasamfélagið
Hagsmunasamtök
Jafnréttisstofa